

Náttúrufræði og umhverfismennt 2.bekkur

Markmiðið er að nemendur taki þátt í samræðum af öryggi og tjái sig bæði skýrt og áheyrilega. Nemendur læra af reynslunni og endurskoða úrlausn verkefna í samræmi við reynslu sína auk þess að vinna eftir fyrirmælum. Nemendur læra að vera jákvæðir, kurteisir og hjálpsamir og hlusta á aðra nemendur og virða skoðanir þeirra. Þeir eru einnig virkir í samstarfi og taka leiðsögn á jákvæðan hátt. Nemendur gera ætíð sitt besta, sýna áræðni, þora að spyrja spurninga og fara eigin leiðir. Áhersla verður á útinám þannig að nemendur tengist sínu nánasta umhverfi Skólinn og umhverfi hans verður nýtt til náms og kennslu og verður útinám samþætt við flestar aðrar námsgreinar.

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- læri um tré og helstu trjátegundir Íslands,
- læri um nokkra farfugla og staðfugla (Spói, Fálki, Grágæs og Haförn),
- kynnist lífríki hafsins og fjörunnar við Ísland,
- kynnist lífsháttum dýra bæði íslenskum og frá öðrum löndum,
- kynnist íslensku landspendýrunum,
- geti sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífverum í náttúrulegu umhverfi,
- sýni virkni og láti sig varða um sitt nánasta umhverfi,
- þjálfist í almennum samskiptareglum og geti unnið með öðrum í hóp,
- hlusti á og geti rætt um hugmyndir annarra,
- geti sýnt félögum og náttúru alúð.

Kennsluhættir

Unnið verður með margskonar efni, bækur fræðslumyndir og kennsluvefi

Námsmat

Námsmat í formi símats þar sem kennari fylgist stöðugt með framförum og stöðu nemanda. Námsmatsaðferðir eru verklegar, munnlegar og skriflegar.